

2. gr.

Skipun áfengis- og vímuvarnaráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar níu menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

3. gr.

Skipun manneldisráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar sex menn og jafnmarga til vara til setu í manneldisráði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

4. gr.

Skipun slysavarnaráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar níu menn og jafnmarga til vara til setu í slysavarnaráði. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

5. gr.

Skipun tóbaksvarnaráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar fjóra menn og jafnmarga til vara til setu í tóbaksvarnaráði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 18/2003 um Lýðheilsustöð og öðlast gildi 1. júlí 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 2003.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.

1. gr.

Útvíkkun gildissviðs.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu eða í eftirtöldum löndum:

1. Sviss
2. Ungverjaland
3. Kanada

Hið sama á við um vinnslu sem fram fer af hálfu fyrirtækja sem uppfylla í hvívetna skilyrði meginreglna um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem birtar hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2001/EES/51/38, bls. 335.

2. gr.

Fullnægjandi vernd.

Lög þeirra ríkja sem talin eru upp í 1. mgr. 1. gr. teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og því er heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra ríkja, að fullnægðum skilyrðum laganna.

Hið sama á við um þær meginreglur um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Föst sanningsákvæði.

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til ábyrgðaraðila í þriðja ríki, þótt það veiti ekki fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef hinn hérlendi ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu sanningsákvæði sem birt hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2002/EES/47/12, bls. 78.

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til vinnsluaðila í þriðja ríki, sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu sanningsákvæði sem birt eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2003/EES/23/49, bls. 316.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001.

Persónuvernd, 22. maí 2003.

Valtýr Sigurðsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

AUGLÝSING**um deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 21. maí 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskránr. 9500-0020, úr landi Óskots, suðaustan við Hafravatn, alls 1,2 ha. Spildunni verður skipt í tvær lóðir fyrir frístundahús og verður heimilt að reisa eitt hús á hvorri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 10. júní 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.